

Rannsóknir í Djúpadalsá 2008

Jón Kristjánsson, janúar 2009

Inngangur

Djúpadalsá var rannsökuð 20-22 ágúst. Tilgangurinn var að kanna seiðaframleiðslu í ánni og taka sýni af fullorðinni bleikju til aldursgreininga.

Aðferðir

Rafveitt á nokkrum stöðum. Rafveiðar fara þannig fram að skaut með hárrí spennu er sett í vatnið, þá dragast að því seiði, sem eru í u.þ.b. 1 meters radíus frá skautinu. Þannig má safna sýnum og fá nokkra hugmynd um tegundaskiptingu, magn, aldurs- og stærðarsamsetningu seiða þar sem veitt er. Oft er tekið fyrir 50-100 m² svæði og farin ein ferð yfir svæðið. Þéttleiki er gefinn upp sem fjöldi veiddra seiða á 100m² svæði.

Sýni úr fullorðinni bleikju voru fengin úr afla veiðimanna.

Niðurstöður

Veitt var á 4 stöðum, alls um 350 m². Neðasta stöð, no. 1, var um 100 m ofan við brú, sú efsta á móts við veiðistað no. 24. Seiði fundust af bleikju, laxi, urriða og flundru. Flundran fanns einungis á neðstu stöðinni.



Mynd 1. Flundrur úr Djúpadalsá


Rafleiðni

Rafleiðni vatnsins segir til um magn uppleystra steinefna, áburðar, og er þannig mælikvarði á framleiðslu ána. Rafleiðni Djúpadalsár er fremur lítil, um 40 µ (micro) Simens. Í góðum laxveiðiám er leiðni meiri, 60 -150 µ Siemens, en um 20 í snauðstu ánum.


Bleikjuseiði

Í töflunni að neðan má sjá fjölda, aldur og meðallengd bleikju skipt eftir stöðvum. Stöð 1 er neðst, stöð 4 er efst.

Stöð nr.	Flötur m ₂	0+		1+		2+		Fj. /100 m ²
		Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	100	9	5.4	2	8.5			11
2	100	7	5.3			1	9.1	8
3	50			2	8.0	1	10.5	6
4	100	4	4.3	1	7.4			5



Mynd 2. Laxaseiði úr Djúpadalsá, aldur og lengd.



Mynd 3. Bleikjuseiði úr Djúpadalsá, aldur og lengd veiddra seiða.

Aldursgreining á fullorðinni bleikju

Nokkrar bleikjur voru aldursgreindar og sjást niðurstöður í töflunni fyrir neðan. Bleikjur um 21-24 sm eru 2-3 ára og eru að koma úr sjó í fyrsta sinn. Stærri fiskar eru 3-4 ára. Ekki er vitað hve lengi þær hafa verið í sjó.

Lengd		Aldur
í cm		
21		2
22		3
24		3
28		3
30		3
33		4

Lengd og aldur stangveiddrar bleikju úr Djúpadalsá í ágúst 2008.



Bleikjur laxar, til hægri, og flundrur af stöð 1



Lax, neðst til vinstri, og bleikjur af stöð 4.



Tveir laxar, til vinstri, bleikjur og einn urriði, til hægri, af stöð 2.

Helstu ályktanir

Áin er fjölbreytileg með fjölda veiðistaða. Botngerð er víðast fremur gróf, nokkuð sem er jákvætt fyrir seiðaframleiðslu. Þó eru víða finir malarkaflar með lélegum uppeldisskilyrðum og mikilli hreyfingu á botni.

Leiðnin er lág, svo lág að rafveiðar ganga illa og vanmeta seiðafjöldann. Bleikjuseiði finnast alls staðar, laxaseiði eru víða og vöxtur þeirra góður sé miðað við hve áin er næringarlítill. Þau fara til sjávar 4 ára gömul.

Slæðingur er af urriðaseiðum, svo einhver sjóbirtingur, og lax, hlýtur að ganga á haustin. Þetta er skammtileg veiðiá og ekki sé ég ástæðu til að takmarka veiðar umfram það sem nú er gert, sem að mestu er jöfnun á afla milli veiðimanna.